

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/364/EB frá 7. maí 2002 um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB) í XXX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3. **32002 D 0364:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/364/EB frá 7. maí 2002 um sameiginlegar tækniforskriftir fyrir lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtið. EB L 131, 16.5.2002, bls. 17).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2003/364/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, p. 26 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 16.5.2002, bls. 17.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.